

Bjarni Halldórsson (1892-1971), skrifstofumaður

Afhending 1022/1

Bjarni Halldórsson fæddist 13. janúar 1892 að Urriðavatni í Fellum. Foreldrar hans voru Halldór Magnússon (1848-1924) úr Fljótsdalshéraði og Sigurbjörg Snorradóttir (1861-1946) frá Fossgerði á Jökuldal. Bjarni fór þó ungur í fóstur hjá hjónunum Jóni Stefánssyni og Sveinbjörgu Bjarnadóttur að Hreiðarstöðum í Fellum.

Haustið 1907 hóf Bjarni nám í unglingaskóla á Seyðisfirði en gat einungis verið í skólanum fram að áramótum vegna heilsubreysts. Eftir tvo vetur í Búnaðarskólanum á Eiðum styrkti Benedikt Blöndal, kennari á Eiðum, Bjarna til að fara í áframhaldandi nám. Bjarni stundaði nám í Gagnfræðaskóla Akureyrar og útskrifaðist þaðan vorið 1913. Strax um haustið hóf Bjarni nám við Menntaskólann í Reykjavík en varð aftur að hætta námi vegna heilsubreysts.

Næstu árin vann Bjarni við ýmis störf, meðal annars sem kennari á Fljótsdalshéraði og í kaupavinnu á sumrin. Árið 1919 byggði Bjarni, ásamt eiginkonu sinni, Margréti, bú á Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp þar sem þau bjuggu til ársins 1927. Þar vann Bjarni sem verslunarstjóri fyrir Hinar sameinuðu íslensku verzlunir.

Árið 1927 fluttu Bjarni og Margrét á Akureyri þar sem Bjarni vann við ýmis skrifstofustörf. Árið 1934 réði Bjarni sig til Rafveitu Akureyrar sem skrifstofumaður og varð síðar skrifstofustjóri, þar til hann settist í helgan stein árið 1963.

Bjarni var virkur í félagsmálum og starfaði mikið í Góðtemplarareglunni. Hann var gæslumaður í barnastúkunni Sakleysið nr. 3 í mörg ár og var einnig bókaforður í Æskulýðsheimili templara í Varðborg. Þá var hann heiðursfélagi í stúkunni Brynju nr. 99.

Bjarni var einnig mikill áhugamaður um íþróttir og var formaður Sundfélagsins Grettis um skeið og í stjórn Íþróttabandalags Akureyrar. Bjarni var einn af stofnendum Starfsmannafélags Akureyrar og sat lengi í sóknarnefnd Akureyrarkirkju.

Árið 1919 giftist Bjarni Margréti Guðrúnu Gunnarsdóttur (1893-1980) frá Reykjavík. Þau bjuggu lengst á Akureyri og eignuðust 4 börn.

Afhendingin fannst við tiltekt. Aðrar afhendingar úr fórum Bjarna eru 143 og 2014/32.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
7. febrúar 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

1022 / 1

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

A-Bréf til Bjarna

A-Bréf til Bjarna

1910 - 1970

A	1	1	1918 - 1969	Bréf frá Önnu B. Jónsdóttur frá Hreiðarsstöðum, alls 66 bréf
A	1	2	1914 - 1968	Bréf til Bjarna: bréfitarar A - Á
A	1	3	1911 - 1968	Bréf til Bjarna: bréfitarar B - E
A	1	4	1913 - 1967	Bréf frá Elísabet H. Jónsdóttur frá Hreiðarsstöðum
A	1	5	1912 - 1969	Bréf til Bjarna: bréfitarar F - G
A	1	6	1911 - 1962	Bréf til Bjarna: bréfitarar H
A	1	7	1910 - 1963	Bréf til Bjarna: bréfitarar I - J
				Með bréfum Jóns H. Fjalldal eru nokkur afrit varðandi uppboð sem Jón hélt 19.5.1927 á ýmsum munum úr eigum Bjarna Halldórssonar
A	2	1	1911 - 1962	Bréf til Bjarna: bréfitarar K - N
A	2	2	1912 - 1968	Bréf til Bjarna: bréfitarar O - R
A	2	3	1914 - 1964	Bréf til Bjarna: Sigfús - Sigvaldi
A	2	4	1910 - 1943	Bréf til Bjarna frá móður hans Sigurbjörgu Snorradóttur
A	3	1	1927 - 1970	Bréf Sigurðar Þórðarsonar Laugabóli við Ísafjarðardjúp til Bjarna.
A	3	2	1911 - 1966	Bréf til Bjarna: bréfitarar Snorri - Þórhallur
A	3	3	-	Nokkrar bækur úr safni B.H (listi); stuttir kaflar úr bréfum Bjarna Halldórssonar; nokkur óheil bréf; ritgerðir og þættir líklega eftir Bjarna.
A	3	4	1911 - 1936	Bréf frá Hildi I. Halldórsdóttur, alls 119 bréf

B-Önnur bréf

B-Önnur bréf

1897 - 1943

B	1	1	1912 - 1922	Bréf Bjarna Halldórssonar til föður síns Halldórs Magnússonar, 19 bréf.
B	1	2	1908 - 1941	Bréf frá Hildi I. Halldórsdóttur til foreldra sinna, Sigurbjargar Snorradóttur og Halldórs Magnússonar, alls 60 bréf
B	1	3	1906 - 1943	Bréf Bjarna til móður sinnar Sigurbjargar Snorradóttur, alls 172 bréf
B	1	4	1932 - 1942	Bréf Bjarna til móður sinnar Sigurbjargar Snorradóttur, óheil bréf
B	1	5	1897 - 1943	Bréf til Sigurbjargar Snorradóttur.
B	2	1	1908 - 1941	Bréf Hildar Halldórsdóttur til Snorra Halldórssonar, alls 64.
B	2	2	1906 - 1934	Bréf Hildar, Snorra, Halldórs og Sigurbjargar. Einnig afrit bréfa vegna arfsmála Halldórs í Ameríku.